

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 29. ágúst 2024 í máli nr. 26/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 26. febrúar 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá Z, fyrir hönd X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni kaupverð sláttutraktors að fjárhæð 399.900 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 27. febrúar 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi sem afhent var varnaraðila 12. apríl 2024. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu, afrit af skriflegum samskiptum aðila og afrit af pöntunarstaðfestingu.

Með bréfi, dags. 15. ágúst 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að 16 ára sonur sóknaraðila hafi pantað sláttutraktor af varnaraðila þann 19. júlí 2023 og greitt 399.900 krónur fyrir með millifærslu á reikning varnaraðila. Upphaflegur afhendingartími vörunnar hafi átt að vera seinni part ágústmánaðar 2023 en síðar hafi afhending verið áætluð í október 2023. Eftir þann tíma hafi hins vegar ekkert náðst í varnaraðila eða eiganda fyrirtækisins. Varnaraðili hafi enn ekki fengið vöruna endurgreidda og því geri sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða kaupverð hennar.

IV

Niðurstaða

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili pantaði sláttutraktor af varnaraðila þann 19. júlí 2023 og millifærði 399.900 krónur á reikning varnaraðila sama dag. Samkvæmt gögnum málsins hafði sóknaraðili samband við varnaraðila í lok september 2023 til að spyrjast fyrir um traktorinn. Varnaraðili upplýsti sóknaraðila þá um að seinkun hafi orðið á sendingunni en að von væri á henni fljótlega. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við varnaraðila í nokkur skipti án þess að fá viðbrögð frá varnaraðila. Um miðjan október hafði varnaraðili samband við sóknaraðila og upplýsti hana um að varan væri væntanleg í sama mánuði en miðað við fyrirliggjandi gögn hefur

varnaraðili ekki svarað frekari fyrirspurnum sóknaraðila frá þeim tíma. Með tölvupósti, dags. 6. desember 2023, gerði sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu á kaupverði traktorsins. Með tölvupósti, dags. 8. desember 2023, veitti sóknaraðili varnaraðila lokafrest til að afhenda vöruna til 22. desember sama árs en að öðrum kosti myndi sóknaraðili fara fram á riftun kaupanna með vísan til 23. gr. laga um neytendakaup. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili hvorki afhent vöruna né endurgreitt sóknaraðila kaupverðið og verður að leggja það til grundvallar, enda hefur varnaraðili ekki tekið til varna í málinu.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Þá er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í neytendakaupum í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 23. gr. laganna kemur fram að hafi seljandi ekki afhent hlut á þeim tíma sem samið var um eða innan tímamarka samkvæmt 1. mgr. 6. gr., skal neytandi fara þess á leit við seljanda að hann afhendi hlutinn innan viðbótarfrests. Afhendi seljandi ekki hlutinn innan viðbótarfrests getur neytandi rift kaupum, sbr. 1. mgr. 23. gr. nkpl. Varnaraðila var veittur viðbótarfrestur til afhendingar umræddrar vöru til 22. desember 2023. Af málgögnum má ráða að ekki hefur enn orðið af efndum varnaraðila né endurgreiðslu kaupverðs þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis. Í ljósi verulegra vanefnda varnaraðila verður fallist á það með sóknaraðila að hún geti rift samningnum og krafist endurgreiðslu úr hendi varnaraðila, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 399.900 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 399.900 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson